

Aðalfundur samtakanna 78, haldinn 11. september 2016 kl. 12:00 í
Þjóðleikhúskjallaranum

1. Skipan fundarstjóra og fundarritara

Ásthildur Gunnarsdóttir varaformaður setti fundinn klukkan 12:23. Fundarstjóri var kjörinn Magnús M. Norðdahl og ritari Eyvindur Elí Albertsson. Fundarstjóri gerði grein fyrir þeim sérstöku aðstæðum sem réðu því að aðalfundur væri nú endurtekinn og þeirri sátt sem gerð hefði verið um að gera ekki athugasemdir við lögmæti fundarins hvað það varðar. Fundarstjóri tilkynnti að félagsmenn fengju að skrá sig inn á fundinn eftir að fundur hæfist þar sem verulegar truflanir væru á samgöngum. Var það samþykkt.

2. Lögmæti aðalfundar staðfest

Fundurinn var boðaður á venjubundinn hátt og samkvæmt lögum félagsins. Fundarstjóri kannaði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð og lögmæti fundarins, engar athugasemdir bárust. Fundarstjóri úrskurðaði því fundinn því lögmætan á forsendum fundarboðs.

3. Skýrsla stjórnar, trúnaðarráðs, nefnda og starfshópa

Fundarstjóri lagði til að liðir 3 og 4 yrðu teknir fyrir á fundinum á sama tíma, engar athugasemdir voru gerðar við það. Kitty Andersson flutti skýrslu stjórnar árið 2015 (sjá nánar f.skjal 3.1) í gegnum Skype.

4. Áritaðir reikningar fyrra árs kynntir og bornir upp til samþykktar

Ársreikningar ársins 2015 (sjá nánar f. skjal 4.1) voru lagðir fram á fundinum og lágu fyrir prentaðir í anddyri fyrir fundinn, einnig var hægt að nálgast þá á vef samtakanna. Reikningarnir voru undirritaðir af Hilmari Hildari Magnúsarsyni formanni 2015, Steinu Dögg Vigfúsdóttur gjaldkera, skoðaðir og undirritaðir af Sigurjóni Guðmundssyni félagslegum skoðunarmanni og Sverri Jónssyni félagslegum skoðunarmanni. Lykiltölur; rekstrartekjur voru 16.8 milljónir króna, rekstrargjöld voru 27,9 milljón krónur, fjármagnsgjöld voru 1.1 milljón krónur, tap á rekstri félagsins var rúmar 12 milljónir. Eignir í lok árs 2015 voru 36 milljónir króna, þar af eigið fé 35.5 milljónir og skuldir 500 þúsund krónur. Engar athugasemdir eða spurningar bárust um ársreikninginn.

Fundarstjóri bar reikninginn upp til samþykktar og var hann samþykktur einróma.

5. Fjárhagsáætlun ársins lögð fram

Heiður Björk Friðbjörnsdóttir gjaldkeri lagði fjárhagsáætlun ársins 2016 fram. Í kjölfarið fór hún yfir hálfársuppgjör félagsins, til 30. júní. Lykiltölur; Rekstartekjur voru 9,6 milljón krónur, gjöld 8,5 milljón krónur, rekstarhagnaður 1.1 milljón krónur. Félagið átti 3.7 milljónir í handbært fé. Eigið fé var 37,8 milljón krónur og skuldir 791 þúsund krónur. Opnað var fyrir umræður. Benedikt spurði hvort kostnaður við friðarumleitanir við velunnara lægi fyrir. Heiður svaraði því að kostnaður væri í kringum 800 þúsund krónur, en kostnaður vegna seinna lögfræðilits lægi ekki fyrir, en áætlaður heildarkostnaður væri í kringum 1.1 milljón krónur.

6. Laga- og stefnuskrárbreytingar

Fyrir fundinn barst ein lagabreyting, Álfur Birkir Bjarnarsson fylgdi lagabreytingunni úr hlaði á fundinum.

Lagabreytinganefnd Samtakanna '78 lagði til að orðinu 'bréflega' í greinum 3.1 og 8.1 í lögum félagsins verði skipt út fyrir orðið 'skriflega' á aðalfundi félagsins þann 11. september 2016.

Fyrir breytingu hljóðaði grein 3.1 svo:

*„Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en 15. janúar. Til fundarins skal svo boða **bréflega** með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.“*

Eftir breytingu hljóðar grein 3.1 svo:

*„Aðalfundur fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins. Hann skal halda í marsmánuði ár hvert. Dagsetningu fundarins skal auglýsa á vefsíðu félagsins og með tölvupósti eigi síðar en 15. janúar. Til fundarins skal svo boða **skriflega** með minnst tveggja vikna fyrirvara. Rétt til fundarsetu hafa einungis félagar með gilt félagsskírteini.“*

Fyrir breytingu hljóðaði grein 8.1 svo:

*„Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins mánuði fyrir aðalfund. Þær skulu síðan kynntar **bréflega** fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.“*

Eftir breytingu hljóðar lagagrein 8.1 svo:

*„Tillögur að lagabreytingum skulu hafa borist stjórn félagsins mánuði fyrir aðalfund. Þær skulu síðan kynntar **skriflega** fyrir félögum minnst hálfum mánuði fyrir aðalfund. Undanþegnar þessum skilafresti eru tillögur sem lúta að orðalagi og formi en breyta á engan hátt efnislegu innihaldi áður framkominna tillagna. Lögum þessum verður ekki breytt nema með samþykkt á aðalfundi og þá með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.“*

Fundurinn óskaði eftir að eftirfarandi yrði fært til bókar; *Með orðinu skriflega er einnig átt við tölvupóst. Félagsmenn sem eru með tölvupóst fá fundarboð sent með tölvupóst en þeir sem eru ekki með tölvupóst fá fundarboð sent bréflega.*

Fundarstjóri bar lagabreytinguna upp til atkvæða. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum gegn þremur.

7. Kjör formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera og alþjóðafulltrúa.

Fundarstjóri lagði til að að gengið yrði til kosninga í heilu lagi, það er fundarmenn fengu einn atkvæðaseðil í stað þriggja. Var það samþykkt með öllum atkvæðum gegn tveimur.

Tvö framboð bárust til formans, Kristín Sævarsdóttir og María Helga Guðmundsdóttir. Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig og sín stefnumál fyrir fundarmönnum. Eitt framboð barst til varaformans, Unnsteinn Jóhannsson og var hann því sjálfkjörinn. Tvö framboð bárust til gjaldkera, Benedikt Traustason og Matthías Matthíasson. Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig og sín stefnumál.

Tvö framboð bárust til ritara, Frosti Jónsson og Júlía Margrét Einarsdóttir. Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig og sín stefnumál. Eitt framboð barst til Alþjóðafulltrúa, Kitty Anderson og var hún því sjálfkjörin.

Úrslit kosninga voru eftirfarandi;

Til formans: María Helga Guðmundsdóttir var kjörin formaður með 184 atkvæðum og Kristín Sævarsdóttir fékk 152 atkvæði.

Til gjaldkera: Benedikt Traustason var kjörinn gjaldkeri með 173 atkvæðum og Matthías Matthíasson hlaut 162 atkvæði.

Til ritara: Júlía Margrét Einarsdóttir var kjörin ritari með 175 atkvæðum og hlaut Frosti Jónsson 160 atkvæði.

8. Kjör tveggja meðstjórnenda

Þrír buðu sig fram til meðstjórnendastarfa, Álfur Birkir Bjarnason, Guðmunda Smári Veigarsdóttir og Gunnar Karl Ólafsson. Frambjóðendur komu í pontu og kynntu sig og sín stefnumál.

Álfur Birkir Bjarnason hlaut 237 atkvæði og Guðmunda Smári Veigarsdóttir hlaut 191 og voru þau því kjörin til meðstjórnendastarfa. Gunnar Karl Ólafsson hlaut 162 atkvæði.

9. Kjör tíu félaga í trúnaðarráð

Fyrir fundinn bárust þrettán framboð til setu í trúnaðarráði. Alda Villiljós, Hlynur Kristjánsson, Jóhann G. Thorarensen, Kjartan Þór Ingason, Lotta B. Jónsdóttir, Magnús Gestsson, Margrét Sigurðardóttir, Sandra Rós Hrefnu Jónsdóttir, Sólveig Rós, Sigríður J. Valdimarsdóttir (Erica Pike), Sigurþór Gunnlaugsson, Sigurður Júlíus Guðmundsson og Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir buðu sig fram.

Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir hlaut 221 atkvæði, Sandra Rós Hrefnu Jónsdóttir hlaut 210 atkvæði, Alda Villiljós hlaut 204 atkvæði, Sigurður Júlíus Guðmundsson hlaut 201 atkvæði, Lotta B. Jónsdóttir hlaut 198 atkvæði, Erica Pike hlaut 195 atkvæði, Sandra Rós Hrefnu Jónsdóttir hlaut 188 atkvæði, Hlynur Kristjánsson hlaut 187 atkvæði, Jóhann G. Thorarensen hlaut 186 atkvæði og Kjartan Þór Ingason hlaut 184 atkvæði og voru þau kjörin í trúnaðarráð.

Magnús Gestsson hlaut 182 atkvæði, Sigurþór Gunnlaugsson hlaut 160 atkvæði og Margrét Sigurðardóttir hlaut 159 atkvæði.

10. Kjör tveggja skoðunarmanna reikninga

Tveir buðu sig fram í störf skoðunarmanna reikninga, Sigurjón Guðmundsson og Sverrir Jónsson. Voru þeir sjálfkjörnir.

11. Önnur mál, þ. á m. atkvæðagreiðsla um hagsmunaaðild félaganna HIN - Hinsegin Norðurlands og BDSM á Íslandi.

- a. **Umsókn Hinsegin norðurland um hagsmunaraðild:** Umsókn barst 17. ágúst 2016 þar sem óskað var eftir hagsmunaraðild að Samtökunum 78 og að umsóknin yrði tekin fyrir á aðalfundi samtakanna. Ásthildur Gunnarsdóttir gerði grein fyrir umsókninni. María Logn Kristínardóttir Ólafsdóttir upplýsingafulltrúi Hinsegin Norðurlands kom í pontu og útskýri ástæður umsóknar og sagði stuttlega frá starfsemi félagsins. Fundarstjóri bar

umsóknina að svo búnu undir atkvæði fundarmanna í leynilegri atkvæðagreiðslu. Við aðild sögðu 279 já, 25 nei og 3 seðlar voru auðir.

- b. Umsókn BDSM Ísland um hagsmunaraðild:** Umsókn barst 9. ágúst 2016 þar sem óskað var eftir hagsmunaaðild að Samtökunum 78. Magnús Arnason formaður BDSM á Íslandi kom upp í pontu og fór yfir ástæður umsóknar. Bára Halldórsdóttir, Sigríður Valdimarsdóttir, Guðmunda Smári Veigarsdóttir, Embla Orradóttir Dofradóttir, Margrét Hafsteinsdóttir, Þórhildur Elínardóttir Magnúsardóttir, Kristín Lovísa Lárusdóttir, Guðrún Mobus Bernharðs, Bára Hlín Kristjánsdóttir, Álfur Birkir Bjarnason, María Helga Guðmundsdóttir, Sigurður Ýmir Sigurjónsson, Hans Hansen og Ragnarök komu upp í pontu og útskýrðu afstöðu sína. Fundarstjóri bar umsóknina að svo búnu undir atkvæði fundarmanna í leynilegri atkvæðagreiðslu. Atkvæðagreiðsla fór þannig að 179 sögðu já, 127 sögðu nei og 3 seðlar voru auðir.
- c.** Embla kom upp í pontu biðlaði til fundarmanna að greiða 300 krónur upp í kostnað vegna fundarboðs.
- d.** Nýkjörinn formaður samtakanna 78 kom upp í pontu og flutti ræðu. Hún kvaðst ætla að vinna í þágu allra félagsmanna og þakkaði traustið sem henni hefði verið sýnt með þessari kosningu.
- e.** Fundarstjóra var þakkað fyrir góð störf á fundinum með lófataki.
- f.** Fundargestir voru mynntir á kvennakvöld samtakanna sem verður 15. september.
- g.** Margrét óskaði nýkjörinni stjórn og trúnaðarráði til hamingju með kosninguna í trúnaðarráð. Hún harmaði að félagsmenn hefðu skipt sér í tvær fylkingar. Í kjölfarið hvatti hún til samstöðu.
- h.** Gunnar óskaði stjórn til hamingju með kjörið og óskaði að hún fengi frið til að vinna að sínum málefnum.
- i.** Að lokum kom nýkjörinn formaður upp í pontu og þakkaði Margréti og Gunnari fyrir að hvetja til samstöðu. Að lokum bauð María ný hagsmunafélög velkomin í samtökin. Nýkjörinn formaður sleit fundinum klukkan 17:13.

Magnús M. Norðdahl
Fundarstjóri

Eyvindur Elí Albertsson
Fundarritari